



Innviðaráðuneyti
Sölvhólsstötu 7
101 Reykjavík

Norðurland eystra, 17. febrúar 2025

Efni: Umsögn SSNE um áform um breytingu á sveitarstjórnarlögum – mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög.

Hér fyrir neðan má finna bókun stjórnar SSNE um mál nr. S-23/2025 áform um breytingu á sveitarstjórnarlögum – mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög.

Stjórn SSNE fagnar fyrirhuguðum breytingum á sveitarstjórnarlögum en sveitarfélögin hafa lengi bent á mikilvægi þess að við lagasetningu sé skýrt ferli varðandi kostnaðarmat, þ.e. mat á hugsanlegum áhrifum frumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu ríkisins á fjárhag sveitarfélaga.

Það hefur of oft komið fyrir að slíkt kostnaðarmat er ekki framkvæmt og ekki síður hvernig eigi að leysa úr ágreiningi þegar hann kemur upp. Það er jafnréttismál að kostnaður sveitarstjórnarstigsins í landinu sé metinn á sama hátt og ríkisins við lagasetningu og aðrar stjórnvaldsákvæðanir, og leggur stjórn SSNE áherslu á að í þessum breytingum verði horft til þess að jafna þessa stöðu milli stjórnsýslustiganna.

Fulltrúar SSNE eru ávallt reiðubúin til að eiga samtal við ráðuneytið vegna málsins.

Fyrir hönd stjórnar SSNE,

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
framkvæmdastjóri SSNE